

# Ársskýrsla Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi árið 2018



## Inngangur

Í samræmi við lög SSV ber að leggja fram ársskýrslu um starfsemina á aðalfundi ár hvert. Starfsmenn SSV hafa unnið að því undanfarið að taka saman þá skýrslu sem hér er lögð fram. Það er von okkar að skýrslan gefi glögga mynd af þeim verkefnum sem SSV sýslar með og verði sveitarfélögum, fyrirtækjum, stofnunum, hagsmunasamtökum og einstaklingum góð heimild um starfsemina. Tilgangurinn með útgáfu á skýrslu sem þessari er líka að fræða og miðla þekkingu á þeim verkefnum sem unnin eru á vettvangi landshlutasamtaka, gera þær upplýsingar aðgengilegri og stjórnsýsluna gagnsærri og opnari.



Fundur með þingmönnum Norðvesturkjördæmis

## Starfsemi SSV árið 2018

Starfsemi SSV var um flest í föstum skorðum á árinu 2018. Sóknaráætlun Vesturlands er orðin eitt af stærstu verkefnum samtakanna. Segja má að allir starfsmenn komi í dag með einum eða öðrum hætti að verkefnum sóknaráætlunar. Önnur verkefni s.s. atvinnuráðgjöf, rekstur almenningsamgangna, umsýsla með málefnum fatlaðra og umsjón með rekstri Sorpurðunar Vesturlands voru með svipuðum hætti og verið hefur. Hér að neðan verður gerð grein fyrir helstu verkefnum SSV.

### Aðalfundur SSV

Aðalfundur SSV var haldinn á Hótel Hamri í Borgarnesi 19. mars 2018. Verkefni aðalfundar er fyrst og fremst að gera upp undangengið ár. Á sama degi og aðalfundur SSV fór fram héldu aðrir samstarfsaðilar sem að öllu leyti eða hluta til eru í eigu sveitarfélaga sína aðalfundi. Reynsla síðustu ára sýnir að markmiðið með þessum breytingum um að tryggja betra upplýsingaflæði og betri mætingu á aðalfundi tengdra aðila er að ganga eftir.

Á aðalfund SSV mættu 45 fulltrúar og gestir. Formaður SSV Rakei Óskarsdóttir flutti skýrslu stjórnar og Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri kynnti ársreikning samtakanna. Eftir fyrirspurnir og umræðu samþykkti fundurinn ársskýrslu og ársreikning. Á fundinum voru samþykktar ályktanir um fjárveitingar ríkisvaldsins til starfsemi Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands og Vesturlandsstofu.

### Haustþing SSV

Haustþing SSV fór fram á Bifröst dagana 20. og 21. september 2018. Alls sátu þingið 52 fulltrúar og gestir. Meðal gesta voru ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála, félagsmálaráðherra, þingmenn úr Norðvesturkjördæmi, fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, starfsfólk úr samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og aðilar sem tóku þátt í pallborðsumræðum um velferðarmál.

Á fundinum voru lagðar fram tillögur að fjárhags- og starfsáætlunum fyrir árið 2019 og voru báðar tillögurnar samþykktar óbreyttar. Fundarmenn störfuðu í fjórum nefndum; fjárhagsnefnd, samgöngunefnd, atvinnumála- og umhverfisnefnd og nefnd um opinbera þjónustu. Í lok fundar lögðu þessar nefndir fram sínar ályktanir sem hlutu samþykki fundarins. Ávörp gesta fluttu Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Haraldur Benediktsson fyrir hönd þingmanna kjördæmisins og Valur Halldórsson sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Sérstakt þema fundarins voru velferðarmál, en á árinu 2018 var unnið að gerð Velferðarstefnu Vesturlands og því var efnt til pallborðsumræðu um málefnið. Í pallborði sátu: Ásmundur Einar Daðason félagsmálaráðherra, Jóhanna Fjóra Jóhannesdóttir framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, Bjarki Þorsteinsson framkvæmdastjóri Brákarhlíðar, Inga Björk Bjarnadóttir baráttukona fyrir réttindum fatlaðs fólks og Rakei

Óskarsdóttir formaður SSV. Stjórnandi pallborðsumræðu var Dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir deildarstjóri við Háskólann á Bifröst. Líflegar umræður urðu um velferðarmálin þar sem flestir fundarmanna og gestir tóku þátt. Einnig kom fram mikil ánægja með vinnu við Velferðarstefnu Vesturlands.

Í kvöldverði sem haldin var í tengslum við þingið voru fimm sveitarstjórnarfulltrúar á Vesturlandi heiðraðir fyrir langt og gífurlegt starf að sveitarstjórnarmálum. Eftirtalin voru heiðruð: Sturla Böðvarsson Stykkishólmi, Ingibjörg Pálmadóttir Akranesi, Ása Helgadóttir Hvalfjarðarsveit, Bjarki Þorsteinsson Borgarbyggð og Kristján Þórðarson Snæfellsbæ.

## Stjórn SSV

Stjórn SSV sem kosin var á aðalfundi 2016 var kosin til tveggja ára og starfaði fram að haustþingi 2018. Í stjórn SSV fram að haustþingi 2018 sátu:

Rakel Óskarsdóttir, formaður	Akranesi
Hafdís Bjarnadóttir, varaformaður	Stykkishólmi
Hilmar Hallvarðsson	Helgafellssveit
Eyþór Garðarsson	Grundarfirði
Ingveldur Guðmundsdóttir	Dalabyggð
Eggert Kjartansson	Eyja- og Miklaholtshreppi
Geirlaug Jóhannsdóttir	Borgarbyggð
Guðveig Eyglóardóttir	Borgarbyggð
Árni Hjörleifsson	Skorradalshreppi
Stefán Ármannsson	Hvalfjarðarsveit
Valgarður L. Jónsson	Akranesi
Björn Hilmarsson	Snæfellsbæ

Á haustþingi 2018 voru eftirtaldir kosnir í stjórn til næstu tveggja ára.

Eggert Kjartansson, formaður	Eyja- og Miklaholtshreppi
Guðveig Eyglóardóttir, varaformaður	Borgarbyggð
Sif Matthíasdóttir	Helgafellssveit
Jósef Kjartansson	Grundarfirði
Eyjólfur I. Bjarnason	Dalabyggð
Einar Brandsson, ritari	Akranesi
Jakob B. Jakobsson	Stykkishólmi
Lilja B. Ágústsdóttir	Borgarbyggð
Árni Hjörleifsson	Skorradalshreppi
Björgvin Helgason	Hvalfjarðarsveit
Bára Daðadóttir	Akranesi
Björn Hilmarsson	Snæfellsbæ

Hér með eru þeim stjórnarmönnum sem létu af stjórnarsetu á haustþingi þökkun góð störf. Stjórn SSV hélt alls 8 fundi á árinu og fóru fundirnir fram í Borgarnesi, að einum

undanskildum sem fór fram á Bifröst. Auk hefðbundinna stjórnarfundu fundaði stjórn með þingmönnum Norðvesturkjördæmis.

## Skrifstofa SSV

Hlutverk skrifstofu SSV er að halda utan um þau verkefni sem SSV eru falin með lögum, samþykktum um þjónustusvæði Vesturlands um málefni fatlaðra, samningum sem SSV hefur við Byggðastofnun um atvinnuráðgjöf, við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og mennta- menningarmálaráðuneytið um Sóknaráætlun Vesturlands og við Vegagerðina um almenningssamgöngur. Skrifstofa SSV hefur allt frá stofnun Sorpurðunar Vesturlands árið 1999 haldið utanum rekstur félagsins. Í gildi er samningur um að SSV sinni þessu verkefni, auk þess hefur SSV samninga við Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Starfsendurhæfingu Vesturlands um launaumsýslu. Loks hefur fjármálastjóri SSV haldið utan um umsýslu fjármála fyrir Vesturlandsstofu.

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahaldi hjá SSV árið 2018. Jóhanna Marín Björnsdóttir var ráðin í sumarstarf til þess að vinna með Velferðarstefnu Vesturlands. Svala Svavarsdóttir var ráðin sem verkefnastjóri og kom til starfa 1. september. Hlutverk verkefnastjóra er að halda utan um fjármál, upplýsingamál og umsýslu með Uppbyggingarsjóði SSV. Á sama tíma lét Hrefna B. Jónsdóttir af störfum sem fjármálastjóri. Í árslok 2018 eru 9 starfsmenn hjá SSV í samtals 6,6 stöðugildum.

- Páll S. Brynjarsson	framkvæmdastjóri	100% stöðugildi
- Hrefna B. Jónsdóttir	framkvæmdastjóri Sorpurðunar	50% stöðugildi
- Svala Svavarsdóttir	verkefnastjóri	80% stöðugildi
- Elísabet Haraldsdóttir	menningarfulltrúi	60% stöðugildi
- Ólafur Sveinsson	forstöðumaður atvinnuráðgjafar	50% stöðugildi
- Vífill Karlsson	atvinnuráðgjafi	90% stöðugildi
- Margrét Björk	atvinnuráðgjafi	100% stöðugildi
- Ólöf Guðmundsdóttir	atvinnuráðgjafi	100% stöðugildi
- Sædis Þórðardóttir	skrifstofumaður	30 % stöðugildi

## Samstarf og hagsmunagæsla

Í lögum SSV kemur fram að eitt af markmiðum samtakanna er að gæta hagsmuna sveitarfélaga á Vesturlandi. Þetta er gert með ýmsum hætti og helstu verkefni vegna þessa á árinu 2018 voru:

Formaður og framkvæmdastjóri SSV áttu tvo fundi með fulltrúum annarra landshlutasamtaka, sátu fund landshlutasamtaka með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og tóku þátt í landsþingi sveitarfélaga sem og fjármálaráðsstefnu sveitarfélaga. Þarna voru ýmis málefni til umræðu. Auk þess sem haldinn var einn fundur framkvæmdastjóra landshlutasamtaka. SSV var í forsvari fyrir samstarf landshlutasamtakanna fram á haust 2018.

Stjórn SSV fær til umsagnar ýmis lagafrumvörp og sendi frá sér umsagnir um nokkur mál. Formaður og framkvæmdastjóri sóttu fund fjárlaganefndar um fjárlög fyrir árið 2019. Auk þess sem þeir áttu fundi með umhverfis- og samgöngunefnd vegna samgönguáætlunar. Þá sátu starfsmenn SSV fund um veiðigjöld með atvinnumálanefnd Alþingis. Auk þess áttu starfsmenn SSV fundi með ráðuneytum og ríkisstofnunum vegna ýmissa mála. Fundir stjórnar SSV og sveitarstjórnarmanna af Vesturlandi með þingmönnum kjördæmisins fór fram í janúar og aftur í september 2018. Þá fundaði ríkisstjórn Íslands á Vesturlandi í júlí 2018 og sat formaður SSV fund með ríkisstjórn og kynnti helstu hagsmunamál Vestlendinga. Þá heimsótti forsætisnefnd sænska þingsins SSV og fékk kynningu á Vesturlandi.

Framkvæmdastjóri SSV sat sem áheyrnarfulltrúi í stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál fram í október 2018.

## **Fræðsla og upplýsingamiðlun**

Annað af markmiðum SSV er að stuðla að viðtækri þekkingu sveitarstjórnarmanna á Vesturlandi á málefnum sveitarfélaga. SSV kom að og tók þátt í að skipuleggja með Sambandi íslenskra sveitarfélaga námskeið fyrir nýja sveitarstjórnarfulltrúa sem fór fram í Borgarnesi í byrjun september 2018. Þá hefur verið lögð áhersla á að efla heimasíðu SSV og metnaður hefur verið lagður í að vera með ýmskonar tölfræði um Vesturland á síðunni, auk þessa að hafa aðgengilegar skýrslur og annað útgefið efni um landshlutann. Vífill Karlsson hagfræðingur á veg og vanda að þessum upplýsingum. Þá gerði sjónvarpsstöðin N4 tvo sjónvarpsþætti til kynningar á starfsemi SSV, annar þátturinn fjallaði um samgöngumál á Vesturlandi og í hinum þættinum var framkvæmdastjóri SSV í viðtali um ýmis hagsmunamál landshlutans. Loks er rétt að geta þess að á árinu gerð vefsja með ýmsum upplýsingum um Vesturland sem er aðgengileg á heimasíðu SSV.

Á árinu 2018 hefur SSV staðið fyrir opnum fundum fyrir sveitarstjórnarfólk og íbúa, auk þess að skipuleggja slíka viðburði í samstarfi við sveitarfélög eða aðra aðila.

## **Stefnumótun**

Á árinu 2018 var unnið að Velferðarstefnu Vesturlands. Vinnuhópur skipaður þeim Raket Óskarsdóttur og Hafdís Bjarnadóttur frá SSV, Jóhönnu Fjóla Jóhannsdóttur frá HVE, Bjarka Þorsteinssyni frá Brákarhlíð, Thelmu Sigurbjörnsdóttur Starfsendurhæfingu Vesturlands, Svölu Hreinsdóttur frá Þjónusturáði um málefni fatlaðra og Lúðvík Gunnarssyni frá Frístundamiðstöðinni Þorpinu á Akranesi. Með hópnum starfið Jóhanna Marín Björnsdóttir starfsmaður SSV. Hópurinn hóf störf í maí og í desember voru drög að stefnunni send til umsagnar sveitarfélaga og annarra haghafa á Vesturlandi. Áætlað er að stefnan verði lögð fyrir til samþykktar vorið 2019.

## Sóknaráætlun Vesturlands

Árið 2015 var undirritaður samningur á milli stjórnvalda og SSV um að samtökin hefðu umsjón með framkvæmd Sóknaráætlunar Vesturlands fyrir árin 2015-2019. Samningurinn felur fyrst og fremst þrennt í sér: mörkun stefnu og framtíðarsýnar fyrir Vesturland, útfærslu og vinnu að sérstökum áhersluverkefnum fyrir landshlutann og rekstur á Uppbyggingarsjóði Vesturlands.

Stjórn SSV (12 fulltrúar) skipaði samráðsvettvang Vesturlands ásamt 18 einstaklingum sem komu frá atvinnulífi, fræðasamfélagi, menningarlífi og öðrum haghöfum.

Samráðsvettvangurinn fundaði í Borgarnesi 7. nóvember 2018 þar sem rætt var um framgang sóknaráætlunar sem og ný áhersluverkefni fyrir árið 2019.

Fjárveitingar til Sóknaráætlunar Vesturlands komu frá stjórnvöldum og sveitarfélögum á Vesturlandi. Ráðuneyti lögðu kr. 81.715.806 til Sóknaráætlunar Vesturlands auk þess sem sveitarfélög á Vesturlandi lögðu fram kr. 12.192.750. Alls hafði því sóknaráætlun til umráða kr. 93.908.556 auk uppsafnaðs eigin fjár frá fyrri árum.

Uppbyggingarsjóður úthlutar styrkjum til menningarverkefna og nýsköpunar í atvinnulífi. Í stjórn Uppbyggingarsjóðs Vesturlands á árinu 2018 voru:

- Helena Guttormsdóttir, formaður
- Brynjar Sigurðsson
- Jóhannes Haukur Hauksson
- Sigrún Lilja Einarsdóttir
- Sigríður Finsen

Fagráð Uppbyggingarsjóðs er skipað sex fulltrúum og vinnur það tillögu að úthlutun styrkja sem er lögð fyrir úthlutunarnefndina. Með fagráðinu starfa menningarfulltrúi og atvinnuráðgjafar SSV. Í fagráði voru:

- Helga Guðjónsdóttir, formaður
- Ragnheiður Valdimarsdóttir
- Linda B. Pálsdóttir
- Trausti Gylfason
- Guðný Dóra Gestsdóttir
- Sveinn Arnar Sæmundsson

Á árinu 2018 hafði Uppbyggingarsjóður Vesturlands alls kr. 58.000.00 til umráða og úthlutaði kr. 56.779.500 til 93 verkefna. Styrkveitingar skiptust þannig:

- |   |            |                |
|---|------------|----------------|
| - Menningarstyrkir                            | 54 styrkir | kr. 24.825.000 |
| - Stofn- og rekstrarstyrkir til menningarmála | 7 styrkir  | kr. 5.900.000  |
| - Styrkir til nýsköpunar í atvinnumálum       | 32 styrkir | kr. 26.054.500 |

Á árinu 2017 var gerður viðaukasamningur við Sóknaráætlun Vesturlands. Í honum fólst að Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið veittu samtals kr. 40.000.000 til Vínlandssseturs í Dalabyggð. Á árinu 2018 voru greiddar út kr. 30.000.000 af þessum styrk.





Úthlutun styrkja úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands

Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands eiga öll upphaf sitt í aðgerðaráætlun sóknaráætlunar. Á árinu 2018 var unnið að sjö verkefnum á Vesturlandi. Verkefnin og verkefnastjórar voru þessi:

**Nýsköpun og frumkvöðlar** - Verkefnisstjóri: SSV

Helstu verkþættir:

- Fab-Lab smiðja: Stuðningur við rekstur smiðjunnar í Coworking nýsköpunarsetri.
- Stuðningur við nýsköpunarsetrin Hugheima og Coworking
- Þrívíddarprentarar í grunnskólana á Snæfellsnesi og FSN

**Matarauður Vesturlands** - Verkefnisstjóri: Hlédís Sveinsdóttir

Helstu verkþættir:

- Þáttataka í Reco dreifingarverkefni matvæla beint frá býli
- Undirbúningur fyrir matarhandverkshátíð, en hátíðinni var síðar frestað til ársins 2019



- Stuðningur við rekstur matarsmiðjunnar Matarlindar í Borgarnesi

**Samstarf safna á Vesturlandi og markaðssetning þeirra** - Verkefnisstjóri: Elísabet Haraldsdóttir menningarfulltrúi SSV

Helstu verkþættir:

- Myndataka og útgáfa á kynningarefni fyrir söfn á Vesturlandi

**Efling ferðaþjónustu á Vesturlandi** - Verkefnisstjórar: SSV og Vesturlandsstofu

Helstu verkþættir:

- Vinna við Vefsjá fyrir Vesturland sem er aðgengileg á heimasíðu SSV og síðu Vesturlandsstofu þar sem nálgast má ýmsar upplýsingar um Vesturland fyrir ferðafólk.

**Ungmennaping á Vesturlandi** - Verkefnisstjórar: Sigurborg Hannesdóttir Ildi og Akraneskaupstaður

Helstu verkþættir:

- Ungmennapingið var haldið í nóvember 2018 að Laugum í Sælingsdal og tóku um 40 ungmenni þátt.
- Undirbúningur að stofnun Ungmennaráðs Vesturlands

**Menningarstarf á Vesturlandi** - Verkefnisstjórar: SSV og Svæðisgarðurinn Snæfellsnes

Helstu verkþættir:

- Rekstur á starfi menningarfulltrúa Vesturlands
- Barnamenningarhátíð á Vesturlandi

**Innviðir Vesturlands** - Verkefnisstjóri: SSV

Helstu verkþættir:

- Úttekt á öryggi vega á Vesturlandi unnin af Ólafi Guðmundssyni Eurorap-ráðgjafa
- Kynningarefni og sjónvarpsþættir um vegamál á Vesturlandi unnin af N4
- Innviðagreining unnin af Vífli Karlssyni hagfræðingi hjá SSV

## **Atvinnuráðgjöf**

Við atvinnuráðgjöf SSV störfuðu 4 starfsmenn á árinu 2018, í 3,4 stöðugildum.

Atvinnuráðgjöfin starfar í samræmi við samning Byggðastofnunar við landshlutasamtök um atvinnuráðgjöf í landshlutunum, en í gegnum þann samning kom rúmlega 23 m.kr. fjárstuðningur til reksturs atvinnuráðgjafar, en í samningnum eru ákveðin verkefni skilgreind. Þau eru eftirtalin:

### **Atvinnu- og byggðapróun**

Í samræmi við stefnu ríkisins í byggðamálum og áherslur Sóknaráætlunar Vesturlands. Leitar eftir samstarfi við stofnanir í stoðkerfi atvinnulífsins og aðra aðila sem vinna ráðgjafa- og leiðbeiningarstarf í atvinnumálum. Tekur þátt í námskeiðahaldi varðandi rekstur fyrirtækja o.fl.

### **Atvinnuráðgjöf**

Atvinnuráðgjöf veiti aðstoð við stofnun og rekstur fyrirtækja á starfssvæðinu, svo sem markaðssókn, vöruþróun, fjármögnun, kynningu, endurskipulagningu, erlend samskipti o.fl. Veiti upplýsingar um mögulega fyrirgreiðslu og aðstoð annarra aðila. Áhersla skal lögð á fyrirtæki sem hafa afgerandi áhrif á atvinnulíf lítilla byggðalaga, fyrirtæki í nýjum atvinnugreinum, fyrirtæki með nýja vöru eða þjónustu og nýstofnuð fyrirtæki.

### **Nýsköpun**

Atvinnuráðgjöf vinni verkefni á sviði nýsköpunar með einstaklingum og fyrirtækjum.

### **Búsetuþættir**

Atvinnuráðgjöf vinni í samstarfi við sveitarfélög, aðra opinbera aðila og félagasamtök að greiningu eflingu búsetuþátta.

### **Upplýsingaöflun**

Atvinnuráðgjöfin skal hafa góða heildarsýn yfir starfssvæði sitt og veita Byggðastofnun eins og kostur er upplýsingar um ástand atvinnulífs og búsetuþátta.

### **Endurmenntun, samstarf o.fl.**

Atvinnuráðgjöfin skal leitast við að efla þekkingu og fagmennsku sína á sviði atvinnu- og byggðapróunar með endurmenntun, samvinnu við önnur atvinnuþróunarfélög og Byggðastofnun, þátttöku í samstarfsverkefnum þessara aðila og með þátttöku í stefnumótun og samræmingu á félaganna.

Samkvæmt þessari upptalningu er hlutverk atvinnuráðgjafar umfangsmikið og fjölbætt og því ljóst að forgangsraða verður verkefnum og leitast hefur verið eftir að fylgja þeim meginlínum sem þarna eru settar.

Hér fyrir neðan má sjá sýnishorn af þeim verkefnum sem Atvinnuráðgjöf SSV vann að á síðasta ári. Þessi listi er ekki tæmandi og t.d. er nánast engin verkefni fyrir einstaklinga

tíunduð í þessari upptalningu, m.a. vegna þess að mikill trúnaður verður að vera milli þess sem leitar eftir þjónustunni og starfseminnar.

Helstu verkefni Atvinnuráðgjafar árið 2018:

Þátttaka og aðkoma að verkefnum:

- Utanumhald og umsjón með úthlutunum úr Uppbyggingarsjóði á sviði atvinnu og nýsköpunar.
- Seta í verkefnisstjórnnum sóknaráætlunarverkefna
- Verkefnið Sögufylgjur á Snæfellsnesi
- Áfangastaðaáætlun Vesturlands
- Aðstoð við erlenda aðila sem vilja fjárfesta á Vesturlandi
- Skýrsla um íbúakannanir landshluta og kynning á henni
- Úttekt á fjárhagsstöðu og rekstri Grundarfjarðarbæjar og Stykkishólmsbæjar
- Rekstraráætlun fyrir lífdísilsverksmiðju, verkefni unnið fyrir Samgöngustofu
- Vinna vegna breytinga á lögum um veiðigjöld
- Undirbúningur og þátttaka í skipulagi ráðstefnunnar „Byggðapróun og umhverfismál“ í samstarfi við Byggðastofnun, en ráðstefnan fór fram í Stykkishólmi
- Atvinnuráðgjafar og framkvæmdastjóri SSV hafa setið í eftirtöldum fagráðum:
  - o Ráðgjafaráð um Landsáætlun ferðamannastaða
  - o Vinnuhópur um Þjóðgarðastofnun
  - o Vinnuhópur NORA um byggðamál
  - o Vinnuhópur Nordregio um sjálfbæra byggðapróun

Útgefið efni

- Tölfræði um Vesturland, uppfært jafnt og þétt allt árið eftir því sem upplýsingar uppfærast
- Íbúakönnun fyrir Ísland
- Skýrsla um fyrirtækjakönnun á Vesturlandi
- Hagvísir um fasteignamarkað á Vesturlandi
- Hagvísir um fjármál sveitarfélaga á Vesturlandi

Fyrir utan þau verkefni sem að ofan eru talin upp hefur verið töluverð eftirspurn eftir þjónustu frá einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum, varðandi atvinnumál af margvíslegum toga, allt frá einföldum fyrirspurnum til vinnslu verkefna. Sérstaklega hefur verið mikil eftirspurn eðli málsins samkvæmt eftir verkefnum tengd ferðapjónustu, sem tengist að sjálfsögðu hinum mikla vexti í þeirri atvinnugrein.

Verkefni eru mismunandi eftir svæðum og einnig hverjir leita til atvinnuráðgjafar, en á síðastliðnu ári var nokkuð um að sveitarfélög leituðu til atvinnuráðgjafar með smá og stór verk. Einstaklingar og fyrirtæki hafa alla tíð sótt þjónustu til atvinnuráðgjafar, en helst er leitað eftir ráðgjöf um fjármögnun og gerð umsókna, aðstoð við jarðakaup og kaup á fyrirtækjum og rekstrarleg aðstoð af ýmsum toga.

Viðveruþjónusta er á þéttbýlisstöðum svæðisins, auk þess sem leitast er við að bregðast við beiðnum frá hverjum stað utan viðverutíma, þannig að þjónustustigið á svæðinu öllu er nokkuð gott.

Þá er töluvert um að ráðuneyti, opinberar stofnanir, hagsmunasamtök, rannsóknastofnanir og háskólar leiti til okkar vegna þeirrar þekkingaruppbyggingar og rannsóknarverkefna sem unnin hafa verið hjá atvinnuráðgjöf á undanförunum árum. Þessi þáttur fór vaxandi á síðasta ári.

Aðkoma Atvinnuráðgjafar að sóknaráætlun og verkefnum henni tengdum eru töluverð, atvinnuráðgjafar verkstýrðu eða sátu í verkefnisstjórnnum einstakra verkefna. Fyrirspurnir og erindi til Atvinnuráðgjafar eru 3 – 4 þús. á ári af ýmsum toga eins og verkefnalistinn hér að ofan gefur til kynna.



Heimsókn í Fab-Lab smiðjuna á Selfossi

## Almenningssamgöngur

Frá árinu 2011 hefur SSV haldið utan um almenningssamgöngur á Vesturlandi eftir að hafa tekið yfir gömlu sérleyfin með samningi við Vegagerðina. Jafnframt hefur SSV haldið utan um verkefnið fyrir Vestfirðinga, Norðurland-vestra að hluta og leið 57 allt til Akureyrar. Haustið 2012 var núverandi fyrirkomulag tekið upp, samningur gerður við Strætó b.s. um að skipuleggja leiðir, sjá um samskipti við verktaka sem aka leiðarnar og samskipti og þjónustu við notendur.

Á árinu 2017 var reksturinn færður inn í hlutafélagið NVB ehf. sem eru í eigu SSV, Fjórðungssambands Vestfirðinga og SSSNV. SSV tók að sér framkvæmdastjórn fyrir félagið og er hlutverk SSV fyrst og fremst að vera í samskiptum við Vegagerðina og Strætó sem og að halda utan um fjármálalega umsýslu. Þær leiðir sem SSV hefur umsjón með eru:

- Leið 57 Reykjavík-Akranes-Borgarnes-Akureyri
- Leið 58 Borgarnes-Stykkishólmur
- Leið 59 Borgarnes-Búðardalur-Hólmavík
- Leið 81 Borgarnes-Hvanneyri-Reykholt-Baulan-Borgarnes
- Leið 82 Hellissandur-Vatnaleið

Reksturinn var mjög erfiður árið 2018, farþegum fækkaði og farþegatekjur drógust saman. Þetta leiddi til þess að tap varð á rekstrinum upp á rúmar 11 m.kr. Það liggur fyrir að Vegagerðin mun bæta þetta tap upp, en ekki hefur verið gengið frá greiðslu ennþá.

Framkvæmdastjóri SSV var einn þriggja aðila sem skipaður var í vinnuhóp á vegum landshlutasamtakanna til að fara yfir forsendur þess að landshlutasamtökin haldi þessu verkefni áfram. Niðurstaðan var sú að samningurinn var framlengdur um eitt ár og gildir út árið 2019. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur kynnt stefnumótun fyrir breyttar áherslur varðandi almenningssamgöngur á landsbyggðinni og er hugmyndin að styrkja þennan þátt verulega. Áhugi er á því að semja við landshlutasamtökin áfram um verkefnið, en helst sem eina heild sem þýðir að þau verði að stofna með sér félag um reksturinn.



## Málefni fatlaðra

Í samþykktum fyrir þjónustusvæði Vesturlands um þjónustu við fatlaða kemur fram að stjórn SSV ber ábyrgð á framkvæmd samningsins gagnvart sveitarstjórnnum á Vesturlandi.

Framkvæmd samningsins í raun er hins vegar í höndum félagsþjónustu sveitarfélaganna: félagsþjónustu Akraneskaupstaðar, félagsþjónustu Borgarbyggðar og félags- og skólaþjónustu Snæfellinga. Samhæfing þjónustusvæðisins er í höndum þjónusturáðs sem skipað er forstöðumönnum félagsþjónustunnar á þjónustusvæðinu. Hlutverk þjónusturáðsins er að:

- Vinna tillögur um starfsreglur, stærri ákvarðanir og stefnumörkun til stjórnar SSV.
- Skipta framkvæmda stærri verkefna á milli félagsþjónustusvæða og þjónustusvæðis Vesturlands.
- Hafa virkt samráð við fatlaða, aðstandendur og samtök þeirra við stefnumótun og framkvæmd þjónustu.

Þjónusturáð Vesturlands var skipað þeim Ingu Vildísi Bjarnadóttur félagsmálastjóra Borgarbyggðar, Sveini Elinbergssyni forstöðumanni Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga og Svölu Hreinsdóttur sviðsstjóra velferðarsviðs Akraneskaupstaðar sem jafnframt er formaður.

Haldnir voru þrjú fundir í þjónusturáðinu á árinu. Fundirnir voru haldnir í Borgarnesi. Störf ráðsins hafa á árinu snúist um samráð um þjónustuna og að hafa yfirsýn yfir fjármál hennar. Mikið samráð er milli fulltrúa í þjónusturáðinu í tölvupósti og símleiðis. Talsverð upplýsingagjöf og samskipti eru við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og ráðuneyti vegna verkefnisins.

Tekjur þjónustusvæðisins hækkuðu frá fyrra ári um tæpar 313 m.kr. og voru alls 973 m.kr. Þessum tekjum er úthlutað til félagsþjónustusvæðanna samkvæmt ákveðnum reglum þar um. Kostnaður við sameiginlegan rekstur voru rúmar 5,8 m.kr. en um helmingur hans var tilkomin vegna verkefnis um úttekt á þjónustu og er það fjármagnað með sérstöku framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Varðandi fjármálin vísast að öðru leiti til ársreiknings sem liggur fyrir.

Samningur um þjónustusvæði Vesturlands um málefni fatlaðra er runninn út. Haustið 2018 voru samþykkt ný lög um þjónustu við fatlað fólk og í þeim var fellt út eldra ákvæði um lágmarksfjölda íbúa á bak við hvert þjónustusvæði. Í kjölfarið hófst viðræður á milli sveitarfélaganna á Vesturlandi um breytingar á skipulagi og eru þær í gangi þessa dagana.



## Vesturlandsstofa 2018 (Markaðsstofa Vesturlands)

Verkefni Vesturlandsstofu voru fjölbreytt á árinu 2018 og verður farið yfir það helsta hér. Starfsmenn Vesturlandsstofu árið 2018 voru í upphafi árs Kristján Guðmundsson forstöðumaður, Sonja Hille starfsmaður Upplýsingarmiðstöðvar og Björk Júlíana Jóelsdóttir verkefnisstjóri. Kristján lét af störfum sem forstöðumaður í lok febrúar og var Rósa Gréta Ívarsdóttir ráðin í hans stað og kom hún til starfa 1. apríl. Þá var Gunnhildur Ósk Oddsdóttir ráðin starfsmaður yfir sumartímann.

### Landshlutamiðstöð Vesturlands

Vesturlandsstofa rekur upplýsingarmiðstöð í Borgarnesi sem flokkast undir landshlutamiðstöð. Sonja Hille sér um daglegan rekstur upplýsingarmiðstöðvar. Gestir á árinu 2018 voru um 11.000 og var það svipaður fjöldi og undanfarin tvö ár. Opnunartími er 09:00-18:00 virka daga, en á sumrin er opið á laugardögum 10:00-16:00 og sunnudögum 12:00-16:00.

### Útgáfu- og kynningarmál

Ákveðið var að gefa út upplýsingaritíð Travel West Iceland í samstarfi við Skessuhornið. Ritíð var prentað í 60.000 eintökum og dreift á alla helstu staði á Vesturlandi og upplýsingarmiðstöðvar um allt land. Þá var gefið út borðkort af Vesturlandi sem dreift var um Vesturland og upplýsingarmiðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu, auk þess sem gefin voru út tvö ítarlegri kort af annars vegar Snæfellsnesi og Döllum og hins vegar Borgarfirði-Hvalfirði og Akranesi. Þá hefur heimasíða Vesturlandsstofu west.is verið mikið nýtt og átak var gert á árinu til þess að efla kynningu á Vesturlandi á samfélagsmiðlum.

### Ferðasýningar

Markaðstofur landshlutana standa fyrir sameiginlegri kynningu fyrir aðila sína í Reykjavík undir nafninu Mannamót. Mannamót voru haldin í janúar í flugskýli Ernis á Reykjavíkflugvelli, en 38 fyrirtæki af Vesturlandi tóku þátt. Forstöðukona og verkefnastjóri sóttu ferðasýningarnar Vestnorden sem haldin var á Akureyri og Mid- Atlantic í Reykjavík. Auk þess sótti Rósa Gréta sýninguna World Travel Market í London.

### Heimsóknir erlendra blaðamanna


Tekið var á móti fjölmörgum blaðamönnum og fjölmiðlafólki í samstarfi við Íslandsstofu árið 2018. Komu þau meðal annars frá Bretlandi, Bandaríkjunum, Kanada o.fl. Þessar umfjallanir eru mikils virði fyrir svæðið.

### Áfangastaðaáætlun DMP

Á árinu 2018 var unnið af fullum krafti við Áfangastaðaáætlun Vesturlands, en í verkefninu felst að vinna stefnumótun fyrir ferðapjónustu á Vesturlandi. Ferðamálastofa er eigandi verkefnisins og fjármagnar vinnuna að stórum hluta. Vesturlandsstofa sér um verkefnið á Vesturlandi. Skipað var 10 fulltrúa svæðisráð sem hafði yfirumsjón með verkefninu, en síðan var Vesturlandi skipt í fjögur svæði og var unnin aðgerðaráætlun fyrir hvert svæði; Dali, Snæfellsnes, Borgarfjörð og Akranes/Hvalfjörð. Margrét Björk Björnsdóttir atvinnuráðgjafi hefur starfað sem verkefnisstjóri Áfangastaðaáætlunar á



Vesturlandi frá maí 2017. Vinnu við áætlunargerðina lauk á árinu 2018 og í kjölfarið fengust styrkir til að hefja vinnu við forgangsverkefni hennar, sú vinna er í fullum gangi þessa dagana.



**Margrét Björk afhendir ferðamálastjóra fyrsta eintakið af Áfangastaðaáætlun Vesturlands**

### **Efling ferðaþjónustu á Vesturlandi**

Verkefnið efling ferðaþjónustu á Vesturlandi, sem er áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands, hélt áfram árið 2018. Verkefnið fjármagnaði vinnu við gerð vefsjár fyrir Vesturland sem er aðgengileg á heimasíðu Vesturlandsstofu. Á vefsjánni má finna ýmsar upplýsingar um Vesturland sem nýtast ferðfólki.

### **Samstarf Markaðsstofanna**

Markaðsstofur landshlutana vinna náið saman að hagsmunum landsbyggðarinnar. Forráðamenn þeirra hittast reglulega og fara yfir ýmis samstarfsverkefni. Markaðsstofur landshlutanna halda árlega ráðstefnu um málefni ferðaþjónustunnar í samstarfi við Deloitte, auk þess að setja upp vinnufundinn Mannamót í Reykjavík fyrir samstarfsfyrirtæki. Mannamót markaðsstofanna er kynningarvettvangur ferðaþjónustunnar á landsbyggðinni og tækifæri til að koma á fundum fagaðila í greininni.